

Þorbjörg Jónsdóttir



Fædd 20. febrúar 1927

Dáin 19. apríl 2024



*Útför frá Hafnarkirkju,
föstudaginn 3. maí 2024*



FORSPIL

SIGNING OG BÆN

Lít ég yfir liðinn tíma
ljúft mér brosti sérhvert vor,
fjar þá vetrar færðist gríma
fann ég yngjast hug og þor
Hjartans þakkir Hilmir hæða
hverja fyrir náðargjöf.
Hvert eitt sár er hætt að blæða
heims er veittist mér á för.

Æskuvorið er nú liðið
elli húmar hinsta kvöld.
Lít ég yfir lífsins sviðið
leiðarinnar nálgast gjöld.
Ó að hinsta hljóti ég blundinn
hægt og létt á vorsins tíð.
Pegar lognró sefar sundin
signir eygló geislafríð.

Verði sólrík ykkar ævi
æsku meðan þroskast rós.
Allan myrkva sorga svæfi
sælu Guðsins náðarljós.
Hvar sem fætur flytja náíð
feril dulda lífsins á.
Bið ég drottins fylgd þið fáíð
fyllt er ósk míns hjarta þá.

Lag: Bjarni Hafþór Helgason

Ljóð: Guðmundur Viborg Jónatansson

RITNINGARLESTUR

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,
mig glepur sýn,
því nú er nótt, og harla langt er heim.
Ó, hjálpin mín,
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú
og hennar ljós?
Mér sýndist bjart, en birtan þvarr, og nú
er burt mitt hrós.
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,
unz fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,
þú logar enn,
í gegnum báru, brim og voðasker.
Nú birtir senn.

Og ég finn aftur andans fögru dyr
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

Lag: C. H. Purday / Ljóð: J. H. Newman / Matthias Jochumsson





RITNINGARLESTUR

Í bljúgri bæn og þökk til þín,
sem þekkir mig og verkin mín.
Ég leita þín, Guð leiddu mig
og lýstu mér um ævistig.

Ég reika oft á rangri leið,
sú rétta virðist aldrei greið.
Ég geri margt, sem miður fer,
og man svo sjaldan eftir þér.

Sú ein er bæn í brjósti mér,
ég betur kunni þjóna þér,
því veit mér feta veginn þinn,
að verðir þú æ Drottinn minn.


Pétur Þórarinsson


RITNINGARLESTUR

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín svo blundi rótt.

*Lag: Peter C. Krossing / Ljóð: Peter T. Foersom
Sveinbjörn Egilsson / Matthias Jochumsson*







GUÐSPJALL

Hærra, minn Guð, til þín,
hærra til þín,
enda þótt öll sé kross
upphæðin mín.
Hljóma skal harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Villist ég vinum frá
vegmóður einn,
köld nóttin kringum mig,
koddi minn steinn,
heilög skal heimvon mín.
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá
sólstigans braut
upp í þitt eilífa
alföðurskaut.
Hljómi svo harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Árla ég aftur rís
ungur af beð.
Guðs hús á grýttri braut
glaður ég hleð.
Hver og ein hörmung mín
hefur mig, Guð til þín,
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð
lukkunnar hjól,
hátt yfir stund og stað,
stjörnur og sól,
hljómi samt harpan mín:
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::
hærra til þín.

Adams / Matthías Jochumsson / L. Mason


MINNINGARORÐ

Hornafjörður, heill sé þér,
hér er ljúft að mega búa,
jöklakranz við brúnir ber
birtu slær á grund og ver.
Víst er gott að vera hér,
vaka, starfa, lif'á og trúa.
Hornafjörður, heill sé þér,
hér er ljúft að mega búa.

Hornafjörður, fegurð þín,
fyllir gleði sálu mína,
er á sæinn sólin skín
og signir bæði mann og hlín.
Óska ég, þá ævin dvín
að eiga skjól við kjöltu þína,
Hornafjörður, fegurð þín
fyllir gleði sálu mína.

Lag: Bjarni Þorsteinsson

Texti: Guðbjartur Össurason



BÆN

Hljóðnar nú haustblær húsið við rótt. Svífur burt sumar sólar í lönd,
Dvelur við dyrnar drungaleg nótt. kveður létt kossi klettótta strönd,
Fljúga þá fuglar flestir sinn veg, ljósu frá landi leysir sitt band,
kvakandi kvíðnir – kvöldljóðin treg. byltist þung bára – bláan við sand.

Breiðir svo húmið hljóðlátan væng,
milt eins og móðir mjúkri hjá sæng.
Fjúka um foldu fölnandi blóm,
hlýða á haustsins – helkaldan dóm.

Úkraínskt þjóðlag. Texti: Sigríður I. Þorgeirsdóttir

FAÐIR VOR

Nú ertu leidd, mín ljúfa,
lystigarð Drottins í,
þar áttu hvíld að hafa
hörmunga' og rauna frí,
við Guð þú mátt nú mæla,
miklu fegri' en sól
unan og eilíf sæla
er þín hjá lambsins stól.



MOLDUN

Drottins í dýrðarhendi,
Drottins barn, sofðu vært,
hann sem þér huggun sendi,
hann elskar þig svo kært.
Þú lifðir góðum Guði,
í Guði sofnaðir þú,
í eilífum andar friði
ætið sæl lifðu nú.

Texti: Hallgrímur Pétursson 1645–1649 – Sb. 1945

Lag: Tryggvi M. Baldvinsson 2017

BLESSUN

EFTIRSPIL



*Sérstakar þakkir til starfsfólks Hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs
fyrir góða umönnun og mikla vináttu.*

Prestur: sr. Gunnar Stígur Reynisson
Organisti: Guðlaug Hestnes
Kór: Samkór Hornafjarðar
Umsjón: Örn Arnarson

Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu.

*Kirkjugestum er boðið að þiggja veitingar
í Pakkhúsinu að athöfn lokinni.*